



Nýlega birtist Á Mbl.is súlurit samkvæmt heimildum frá Hagstofu og Seðlabanka um skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Það sorglega við þetta súlurit er að í því er samfelldur stígandi frá árinu 2003. En á árunum 2001 - 2003 virðast skuldir aðeins hafa lækkað, en einmitt þá varð einskonar forleikur að hruninu 2008. Þeirri hættu var afstýrt með ótrúlega ódýrum blekkingum. En þær blekkingar virðast hins vegar duga vel, eins og síhækkandi skuldastaða ber glögglega með sér.

Oft hef ég bent á þá sérkennilegu sjálfspíningu sem stór hluti íslensku þjóðarinnar stundar með því að fólk setji sjálft sig í langtíma skuldafangelsi. Við þessa stöðu er erfitt að ráða, því meginþorri þess fólks sem nú er á vinnumarkaði þekkir ekki það frelsi sem felst í því að eiga launin sín sjálfur, en þurfa ekki, og vera tilneyddur til, að greiða umtalsverðan hluta þeirra til annarra strax eftir útborgun. Það gerist þegar stofnað hefur verið til neysluskulda sem vinna á fyrir síðar. Þá hefur viðkomandi sett á herðar sér þá SKYLDU að afla tiltekinnar tekna, að frádrögnum skatti og í raun framselt öðrum aðila væntanleg laun sín. Með slíku var viðkomandi tvímælalaust að setja sig í sjálfskipað þrælahaldi hjá lánveitandanum. Launþeginn var því ekki frjáls að ákörðun um hvort hann ynni mikið eða ekki neitt. Þá ákvörðun framseldi hann lánveitandanum.




Það tímabil sem á súluritinu um skuldir heimilanna, er tekið fyrir, er tímabil verðtryggingarinnar, frá 1980. Ég setti því hér inn línurit sem sýnir stíganda verðtryggingar, frá stofnun hennar í júní 1979 til dagsins í dag. Eins og fólk sér, hefur verðtryggingin nánast áttfaldað það verðgildi sem til staðar var þegar hún var sett á. Þegar borin eru saman stígandinn í súluriti yfir skuldir heimilanna og línuriti yfir verðtryggingu, er þar óneitanlega sláandi samsvörun.



Eins og þarna má sjá, virðast skuldir heimilanna að raunvirði nánast þær sömu og 1980. Vísitölurnar sem notaðar hafa verið til að skrúfa upp greiðsluvirði skulda, sýna slíkt mjög glögglega á þessum línuritum. En hvaða verðmæti skyldu nú hafa komið í þjóðfélagið okkar til að standa undir allri þessari verðmælisaukningu skuldanna. Lítum á það.

Þær upplýsingar um útflutningstekjur sem birtast í þessu línuriti, eru fengnar frá Hagsstofnunni. Flestir eru vonandi meðvitaðir um að útflutningstekjur þjóðarinnar eru samnefnari launatekna okkar; eru þau verðmæti sem við höfum til ráðstöfunar við kaup á vöru eða þjónustu frá öðrum.



Eins og glögglega má sjá, þegar línuritið yfir útflutning er borið saman við línurit verðtryggingar, vantar gífurlega mikið á að hækkun verðtryggingar hafi verið byggð á vaxandi raunverðmætum. Það er hins vegar fróðlegt að sjá það risastökk í verðmætisaukningu útflutnings sem verður eftir árið 2005 og þarna má einnig glögglega sjá að ekkert tekjufall varð hjá þjóðinni þó bankarnir færu í þrot. Hrunið var því eingöngu bundið við peningaumhverfið, því eins og þarna sést, jukust tekjur okkar umtalsvert meira en sem nemur þeirri gengislækkun sem varð við gjaldþrot bankanna.

En verðtrygging var sögð nauðsynleg vegna verðhækkana á innfluttum vörum. Verðbólga var líka sögð stafa frá sömu ástæðu. Ég hef alla tíð haldið því fram að þetta væri rangt og að ekkert beint sambandi væri milli verðbólgu og erlendra verðhækkana. Einnig hef ég bent á að forsendulega sé rangt að miða verðgildi gjaldmiðils við kostnaðarverð vöru eða þjónustu. Það séu forsendulega andstæðir þættir sem ekki gangi upp samkvæmt alþjóðlegri reikniskilavenju.

Forsendur línuritsins hér til hliðar eru fengnar frá Hagstofunni. Þær sýna innflutning yfir sama árabíl og útflutningurinn í línuritinu hér að framan. Athyglisvert er einnig að bera þetta línurit saman við línuritið yfir verðtrygginguna, því ljóslega sést að verðhækkanir á innfluttum vöru eru ekkert í takti við hækkanir vísitölunnar sem mælir verðtryggingu. Það er því augljóst að það eru aðrir þættir, og að því er virðist allir innlendir, sem valda þeirri gífurlegu hækkun vísitalna, sem mæla verðlag og verðbólgu. Greinilega er hins vegar hægt að sjá fylgni í verðbreytingum með línuritum yfir útflutning og innflutning. Það væri fróðlegt rannsóknarefni að skoða verðbreytingar innflutningsverðs einstakra neysluvara og bera það saman við breytingar á vísitölu neysluverðs. Með því væri hægt að sjá hvort kerfispátturinn “neysluvísitala” hafi verið misnotaður til hærri skráningar á vísitölunni en forsendur gáfu tilefni til.

